

Fimmtudaginn 29. ágúst 1996.

Nr. 327/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Charin Thaiprasert

(Jóhannes R. Jóhannesson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. ágúst 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími, og til þrautavara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Sóknaraðili kærði einnig úrskurðinn fyrir sitt leyti og krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 25. september 1996 kl. 16.00.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur, þó þannig, að gæsluvarðhaldi verður markaður tími í samræmi við kröfu sóknaraðila.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Charin Thaiprasert, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. september 1996 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 1996.

Ár 1996, sunnudaginn 25. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Charin Thaiprasert nema, kt. 090279-2039, Hlíð, Bessastaðahreppi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. september 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í nótt var lögregla kölluð að gatnamótum Lönguhlíðar og Miklubrautar, en henni höfðu borist upplýsingar þess efnis, að maður hefði verið stunginn þar. Er lögregla kom á staðinn, var hópur ungmenna skammt frá, þar á meðal kærði. Í máli þeirra kom fram, að kærði hefði stungið mann í bringuna skömmu áður, en maður þessi hlaupið á brott.

Sex vitni, sem voru á vettvangi, er atburðurinn varð, hafa við yfirheyrslur hjá RLR öll borið á sama veg, þ. e., að til orðaskipta hefði komið milli kærða og mannanna tveggja, þar sem þeir stóðu við bifreið kærða, og kærði sótt hníf í bifreið sína og stungið annan manninn í brjóstið með hnífnum. Brotapoli hefur borið á sama veg. Kærði hefur viðurkennt að hafa stungið manninn með hnífi í bringuna.

Samkvæmt framangreindu telst kærði vera undir sterkum grun um að hafa veitt manni hættulegan áverka með hnífi, en það getur varðað við 211. gr., sbr. 20. gr., eða 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga; brot á fyrrnefnda ákvæðinu getur varðað fangelsi ævilangt, en á hinu síðarnefnda allt að 16 árum. Samkvæmt bráðabirgðavottorði læknis er brotapoli með 1 cm gat á hjartasvæðinu eftir hnífinn, og hefur rannsókn bent til þess, að hnífurinn hafi farið inn í gollurshúsið og snert hjartað og valdið einhverri blæðingu. Í vottorðinu segir enn fremur, að ljóst sé, að ef stefna hnífsblaðsins hefði verið ofurlítið önnur, hefði getað orðið um banvænt sár að ræða.

Árás kærða var mjög hættuleg og ógnvekjandi. Með tilliti til almanna-hagsmuna þykir því nauðsynlegt, að kærði sæti gæsluvarðhaldi.

Kærði skal því sæta gæsluvarðhaldi skv. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Charin Thaiprasert, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. september nk. kl. 16.00.